



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík 01.03.2018

218030027
6606

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 28. febrúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Götuheiti - Austurbakki

Lögð fram framhaldasfundargerð 48. fundar nafnanefndar dags. 20. febrúar 2018 með tillögum að götuheitum á lóðinni Austurbakka 2 við Austurbakka Reykjavíkurhafnar.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Harri Ormarsson

Fylgiskjal: framhaldasfundargerð 48. fundar nafnanefndar dags. 20. febrúar 2018



Nafnanefnd

Fundargerð

20. febrúar 2018

48. fundur. Framhaldsfundur haldinn að Borgartúni 14, 20. febrúar, 2018, kl. 15:00.

Á fundinn mættu: **Ármann Jakobsson, Ásrún Kristjánsdóttir og Nikulás Úlfar Másson.**
Guðrún Kvaran boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Austurbakki

Óskað var eftir að nafnanefndin endurskoðaði tillögur sínar að heiti gatna á lóðinni Austurbakka 2 við Austurbakka Reykjavíkurhafnar.

Lagt er til að sá hluti Pósthússtrætis sem liggur milli Tryggvagötu og Geirsgötu verði endurnefnd **Steinbryggja**.


Lagt er til að gata sem lögð verður á Austurbakkanum, næst fyrir vestan fyrirhugaða byggð, að hóteli, verði kölluð **Bryggjugata**.

Lagt er til að gatan sem liggur milli Steinbryggju og Kalkofnsvegur, samsíða Tryggvagötu og Geirsgötu verði nefnd **Kolagata**.

Á aðalteikningum arkitekta hefur gata sem liggur frá Tryggvagötu, í gegnum alla lóðina, yfir Geirsgötu að Hörpu, verið kölluð Reykjastræti.

Nefndin telur það heiti ekki við hæfi og leggur til að gatan verði nefnd **Tónagata**.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.


Nikulás Úlfar Másson



Málsnr: 218030027
Skjalasafn Ráðhúss
23. apríl 2018
Bréfalýkill: 6606

Húsfélagið Austurbakka 2
Austurstræti 11
155 Reykjavík

Borgarstjórinn í Reykjavík
Ráðhúsinu
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 18. apríl 2018


Efni: Umsögn um götuheiti á og við Austurbakka 2

Með bréfi, dags. 8. mars 2018, barst stjórn Húsfélagsins Austurbakka 2 beiðni um umsögn um tillögur nafnanefndar að nöfnum á götur á og við lóðina Austurbakka 2.

Á vegum stjórnar húsfélagsins hefur um nokkurt skeið verið unnið að því að móta tillögur um hvernig sameiginlegum rekstri lóðarinnar Austurbakka 2 verði háttað. Hugmyndir eru uppi um að taka upp viðræður við Reykjavíkurborg um þá heildarsýn fljótlega. Einn angi af þeirri umræðu er að marka svæðinu sérstöðu sem heild með nafngift og eftir atvikum viðeigandi götuheitum. Þess er því óskað að afgreiðslu málsins verði frestað ótímabundið eða þar til ljóst er hvernig framangreindum viðræðum lyktar.

Við meðferð málsins komu jafnframt fram athugasemdir af hálfu byggingarréttarhafa á reitum 1 og 2 (milli Geirsgötu og Tryggvagötu) sem lýstu óánægju með það að nafnanefnd hefði í tillögum sínum fært til nafnið Steinbryggja sem búið hafi verið að festa við götu inn á byggingarreit þeirra sem liggur milli Kalkofnsvegar og Pósthússtrætis. Það nafn telja byggingarréttarhafar á reitnum að hæfi vel þar sem leifar hafnargarðs verði sjáanlegar í yfirborði götunnar og myndi þar með sögulega tilvísun til steinbryggju sem áður var á þessum slóðum. Þá sé jafnframt óheppilegt að slíta í sundur götuna sem nú heitir Pósthússtræti með sérstakri nafngift á bilinu milli Tryggvagötu og Geirsgötu.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd Húsfélagsins Austurbakka 2


Valgeir Valgeirsson, formaður



RE: Austurbakki 2 - umsögn húsfélags um tillögur að götunöfnum

Bréf: t-póstur

Málsnúmer: R18030027

Bréfalyklar: 6606 Gatnanöfn

Eigandi skjals: Bjarni Þóroddsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 27.04.2018

Dagsetning skjals: 25.04.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Haraldur Flosi Tryggvason"

<haraldur@lmbmandat.is>

Skjalalykill Móttökudags.	6606 Gatnanöfn 25.04.2018	Málsnúmer Skráð í GoPro	R18030027 27.04.2018
------------------------------	------------------------------	----------------------------	-------------------------

Tegund skjals Efnisorð	t-póstur	Fyrir Borgarráð
---------------------------	----------	-----------------

Sent:

Sent til:

Notandi: "Haraldur Flosi Tryggvason" <haraldur@lmbmandat.is>

Dagsetning: 25.4.2018 10:42:26

Til: "Helga Björk Laxdal" <helga.laxdal@reykjavik.is>

Afrit til: "Valgeir Valgeirsson" <Valgeir.Valgeirsson@landsbankinn.is>, "Borgarráðsgögn" <borgarradsgogn@reykjavik.is>

Efni: RE: Austurbakki 2 - umsögn húsfélags um tillögur að götunöfnum

Sæl Helga,

Samræmd afstaða húfélagsins til einstakra nafna mun ekki liggja fyrir fyrr en hugmyndavinna varðandi samrekstur svæðisins hefur náð lengra. Þess vegna er óskað eftir frestun afgreiðslu málsins. Það kom lóðahöfum satt að segja svolítið á óvart hvernig ferli við úthlutun nafna er hjá borginni og því ekki búið að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu til að halda öðrum nöfnum fram ef það verður niðurstaðan.

Ef taka á afstöðu til einstakra nafna þá óskum við eftir framlengdum fresti til að vinna að slíkum athugasemdum.

Kv. Haraldur Flosi

cid:035351D7-4CE7-4DD8-B0B3-158FD205D225@lan

From: Helga Björk Laxdal <helga.laxdal@reykjavik.is>
Sent: þriðjudagur, 24. apríl 2018 16:28
To: Haraldur Flosi Tryggvason <haraldur@lmbmandat.is>
Cc: 'Valgeir Valgeirsson' <Valgeir.Valgeirsson@landsbankinn.is>; Borgarráðsgögn <borgarradsgogn@reykjavik.is>
Subject: SV: Austurbakki 2 - umsögn húsfélags um tillögur að götunöfnum

Heill og sæll.

Takk fyrir þetta. Málið var yfirfarið á undirbúningsfundi borgarráðs í dag þar sem mér var falið að vera í sambandi við ykkur vegna umsagnarinnar.

Ef mögulegt er óskar borgarráð eftir nánari afstöðu húsfélagsins til allra þeirra götuheita sem nafnanefnd leggur til áður en borgarráð tekur afstöðu til tillögunnar og þeirri beiðni um frestun sem kemur fram í fyrirliggjandi umsögn.

Verið bara í sambandi við mig ef nánari útskýringa er óskað.

Kv.

HBL

Helga Björk Laxdal.
Skrifstofustjóri borgarstjórnar
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík
sími: 411-4700
tölvupóstfang: helga.laxdal@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

From: Haraldur Flosi Tryggvason [<mailto:haraldur@lmbmandat.is>]
Sent: 18. apríl 2018 19:09
To: Helga Björk Laxdal; Borgarráðsgögn
Afrit: 'Valgeir Valgeirsson'
Subject: Austurbakki 2 - umsögn húsfélags um tillögur að götunöfnum

Sæl Helga.

Í viðhengi er að finna umsögn og óskir Húsfélagsins Austurbakka 2 vegna vinnu við að nefna götur á Austurbakkasvæðinu.

Endilega hafðu samband ef eitthvað þarfnast frekari skýringar.

Kv. Haraldur Flosi

cid:018978d0-e79c-42f1-94b6-a14d3b3623b0



- image002.png



- image003.png